



Fundur í stjórn Þekkingarsetursins á Blönduósi 22.05.2012. kl. 14:15.

Fundinn sátu: Arnar Þór Sævarsson, Þóra Sverrisdóttir, Valgarður Hilmarsson, Elín Sigurðardóttir, Skúli Skúlason, Hörður Ríkharðsson, Jóhanna Halldórsdóttir.

Dagskrá:

1) Viðtöl við umsækjendur um stöðu framkvæmdastjóra þekkingarseturs.

Formaður setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna. Stjórnarmenn höfðu undir höndum umsóknir frá umsækjendum og lauslegt mat mannauðsstjóra Hólaskóla á þeim upplýsingum sem þar koma fram og kannski frekar flokkun hans á þeim upplýsingum. Enn fremur höfðu menn drög eða tillögu að spurningalista sem Skúli hafði sent sem tillögu að spurningum til umsækjenda.

Samþykkt var að Arnar byði umsækjendur velkomna, hvern í sínu viðtali og gæfi síðan Skúla orðið sem myndi leiða viðtölin á grunni þess spurningalista sem fyrir lá. Stjórnarmenn gætu síðan eftir atvikum skotið að spurningum eftir því sem þeim byði við að horfa eða Skúli kallað eftir þeim.

Fyrst var rætt við Arndísi Ýr Arnardóttur síðan við Katharina A. Schneider þá við Gunnar Tryggva Halldórsson og loks við Ólaf Jóhann Ólafsson.

Viðtölin tóku vel á þriðju klukkustund og svöruðu umsækjendur spurningum Skúla og annarra greiðlega.

Að viðtölum loknum ræddu fundarmenn almennt um fyrstu viðbrögð sín. Voru menn sammála um að stjórn væri vandi á höndum þar sem hér væri um hæft fólk að ræða og virkilega frambærilega kandiðata til starfsins. Það varð að niðurstöðu að hver og einn ígrundaði nú stöðuna og myndaði sér endanlega afstöðu til umsækjenda.

Ákveðið var að stefna að fundi 5. júní og taka þar ráðningu framkvæmdastjóra fyrir að nýju.